


Kæra foreldri/forsjáraðili,

Leikskólinn notar kannanir Skólapulsiins til að fylgjast með og bæta innra starf leikskólans. Liður í því er að spyrja börn í elsta árgangi leikskólans nokkurra spurninga sem snúa að almennri líðan, sjálfræði, félagstengslum og hæfni. Dæmi um spurningu um almenna líðan er: „Þegar ég er í leikskólanum finnst mér margt vera skemmtilegt“, dæmi um spurningu sjálfræði í leikskólanum, er: „Þegar ég leik mér í leikskólanum fæ ég að ráða hvað ég geri í leiknum.“, dæmi um spurningu um félagstengsl er „Í leikskólanum mínum er skemmtilegt að vinna með öðrum krökkum.“ og dæmi um spurningu um hæfni er „Mér gengur vel að klæða mig í leikskólanum.“



Mynd 1. Spurningarnar eru lagðar fyrir með aðstoð talgervils og mynda.

Börnin svara spurningalistanum nafnlaust með hjálp talgervils með því að merkja við myndir sem eru lýsandi fyrir viðkomandi svarmöguleika (sjá mynd 1). Öll börn í elsta árgangi svara könnuninni í apríl og tekur um 10 mínútur að svara henni. Niðurstöður eru eingöngu birtar leikskólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapulsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða fyrirlögn spurningalistans. Ef þú ert mótfallin(n) því að barn þitt svari spurningalistanum, hafðu þá samband við leikskólann.

Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapulsiins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.